

TAKIÐ DAGINN FRÁ!

LYF ÁN SKAÐA

MÁLÞING UM "HVER BER ÁBYRGÐ Á LYFJUNUM MÍNUM?"

Mánudagur 7. október 2024 kl. 09:00-15:30 í Háteigi á Grand Hótel, Reykjavík

Málþingið "HVER BER ÁBYRGÐ Á LYFJUNUM MÍNUM?" er beint framhald af málþinginu um lyfjaöryggi landsmanna og skynsamlega endurskoðun lyfjameðferða sem haldið var í október í fyrra. Markmið málþingsins er að fylgja eftir tveimur lykilþáttum sem skilgreindir voru á fyrsta málþinginu: að hefja vitundavakningu meðal almennings um lyf og að skilgreina ábyrgð ólíkra haghafa þ.e. heilbrigðisstarfsmanna, almennings og einstaklinga sem þurfa að taka lyf.

Fyrirlesarar verða fulltrúar heilbrigðisstétta á ýmsum sviðum heilbrigðiskerfisins sem hafa haft frumkvæði að breyttum lyfjaávisanavenjum með það að markmiði að draga úr lyfjatengdum skaða; tengdum flutningi milli ólíkra heilbrigðisstofnana, valdeflingu einstaklinga í eigin lyfjameðferð og hvatningu til réttar lyfjanotkunar. Hlýtt verður á sjónarmið einstaklinga í lyfjameðferð, almennings og heilbrigðisstarfsmanna með ólíkan bakgrunn til að deila sýn og hvetja til þverfaglegs samstarfs þessara aðila. Það er ánægja og heiður að fá að kynna aðalfyrirlesara málþingsins Dr. Justin Turner, klínískan lyfjafraeðing og einn aðalfyrirlesara við „The Centre for Medicine Use and Safety in the University of Monash, Australia“. Dr. Turner hefur verið meðal leiðandi aðila á alþjóðlega vísu í átaki til að draga úr skaðlegri lyfjanotkun. Bakhjarl málþingsins er átaksverkefnið „Lyf án skaða“, sem er gæðaáttak í lyfjamálum á vegum heilbrigðisráðuneytisins, embættis landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri, Læknafélags Íslands, Lyfjafraeðingafélags Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Lyfjastofnunar. Fundurinn er staðfundur en verður einnig streymt á netmiðlum.

Aðalfyrirlesari


Dr. Justin Turner hefur viðtæka rannsóknar- og klíniska reynslu frá Ástralíu, Bretlandi og Kanada þ.á m. við innleiðingu á gagnreyndum aðferðum sem miða að því að hvetja almenning til öruggar og gagnlegrar lyfjanotkunar. Rannsóknir hans hafa bæði hvatt til bættrar lyfjanotkunar og haft áhrif á stefnumótun í lyfjamálum hvað varðar notkun og aðgengi að lyfjum. Auk þess heldur hann fyrirlestra fyrir fagfólk, stjórnvöld og almenning tengt vitundarvakningu um hvernig megi draga úr lyfjatengdum skaða. Dr. Turner leiddi með kanadískum yfirvöldum slembraðaða rannsókn sem miðaði að því að fræða almenning um gagnsemi og skaðsemi ópíóða tengt ópíóðafaraldrinum, tók þátt í fjölda fjölmiðlaviðburða því tengdu ásamt því að vera leiðandi í átaki Nýfundnaland og Labrador um örugga notkun lyfja, www.SaferMedsNL.ca.

Málþingið er ætlað hagsmunaaðilum íslenska heilbrigðis- og velferðarkerfi og þeim sem taka stefnumótandi ákvarðanir hér á landi.

LYF ÁN SKAÐA



Öruggari tilfærsla meðferðar



Bætt öryggi í fjölyfjameðferð



Bætt öryggi í notkun áhættusamra lyfja



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

LANDSPÍTALI



Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

